

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Minningarsjóð Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur og er stofnaður 25. maí 1983 til minningar um Guðnýju Ellu Sigurðardóttur yfirkennara Þroskaþjálfaskóla Íslands er andaðist 29. janúar 1983.

### 2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja til framhaldsnáms nemendur er lokið hafa námi við Þroskaþjálfaskóla Íslands eða Þroskaþjálfaskor Kennaraháskóla Íslands. Við styrkveitinguna skal hafa það sjónarmið að veita ekki fleiri styrki en svo að þeir komi styrkþegum að verulegum notum.

### 3. gr.

Stofnendur eru kennarar, nemendur og skólastjórn Þ.S.Í., Félag þroskaþjálfra ásamt nokkrum öðrum aðilum.

### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 23.300 kr.

### 5. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af eignum hans, svo og gjafir og áheit, er honum kunna að berast.

Fé sjóðsins skal ávaxta á þann hátt, er sjóðstjórn telur hagkvæmastan.

### 6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fulltrúi tilnefndur af Þroskaþjálfaskor Kennaraháskóla Íslands, þrjár fulltrúar tilnefndir af Þroskaþjálfafélagi Íslands og fulltrúi úr fjölskyldu Guðnýjar Ellu.

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Halda skal sérstaka gerðarbók fyrir sjóðinn, færa í hana árlega reikninga sjóðsins og skrá í hana allar gerðir, er sjóðinn varða.

### 9. gr.

Telji sjóðstjórn að nauðsyn beri til að breyta skipulagsskrá þessari vegna breyttra aðstæðna er það henni heimilt, enda samþykki dómsmálaráðuneytið breytinguna.

### 10. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var 10. júní 1994.

### 11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. október 1999.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 709

15. október 1999

## REGLUR

### um tilkynningarfrest slysa samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

*Tilkynning um slys.*

Þegar að höndum ber slys sem ætla má bótaskyld samkvæmt III. kafla laga um almannatryggingar nr. 117/1993 (slysatryggingar) skal atvinnurekandi eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins. Tilkynningin skal vera í því formi sem stofnunin ákveður. Utan Reykjavíkur má þó senda tilkynningu til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans og lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunar ásamt nauðsynlegum upplýsingum.

Hinum slasaða eða þeim öðrum sem vilja gera kröfu til bóta vegna slyssins ber að fylgjast með því að tilkynningarskyldunni sé fullnægt og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna.

2. gr.

*Tilkynningarfrestur.*

Ef sá sem átti að tilkynna um slys hefur vanrækt það skal það eigi vera því til fyrirstöðu að sá sem fyrir slysinu varð eða eftirlátnir vandamenn hans geti gert kröfu til bóta ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slys bar að höndum. Tilkynningarfrestur er því eitt ár frá slysdegi. Heimilt er þó að greiða bætur samkvæmt reglum þessum þótt liðið sé ár frá því að slys bar að höndum ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

3. gr.

*Skilyrði þess að fallið sé frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests.*

Skilyrði þess að fallið sé frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests er að fyrir liggja öll nauðsynleg gögn sem varpað geta ljósi á málið, þar með talið gögn frá þeim lækni sem sá slasaða fyrst eftir slys eða þeirri sjúkrastofnun sem hann leitaði fyrst til, svo og gögn um fyrra heilsufar slasaða. Jafnframt er skilyrði að fyrir liggja læknisfræðilegt mat á orsakasambandi, þ.e. að unnt sé að meta orsakasamband slyssins og heilsutjóns slasaða.

Almennt skal ekki fallið frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests þegar liðið hafa meira en 10 ár frá því að slys bar að höndum og þar til það er tilkynnt til Tryggingastofnunar.